um undirbúning að byggingu leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur margt verið rætt og ritað um nauðsyn þess að efla og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Svo sem kunnugt er, hefur þingkjörin nefnd unnið að rannsókn þessara mála. Þetta var og eitt af stefnuskráratriðum fyrrverandi ríkisstjórnar, og stjórn sú, er nú situr, hefur lýst yfir fylgi sínu við þetta mál. Á þessu þingi hafa 4 sjálfstæðismenn þegar lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp um togarakaup til atvinnujöfnunar. Virðist því umrædd hugmynd í meginatriðum eiga miklu og almennu fylgi að fagna.

Það leikur ekki á tveim tungum, að eitt af frumskilyrðum þess, að hugmynd þessi verði að veruleika, er að stofnsetja atvinnufyrirtæki úti um hinar dreifðu byggðir landsins, er veitt geti fólkinu, sem þar býr, næga og örugga atvinnu. Koma þá fyrst og fremst til greina margs konar iðnfyrirtæki.

Dalasýsla er fámennt hérað, og atvinnurekstur er þar nær eingöngu landbúnaður. Á sauðfjárrækt byggist svo að segja öll afkoma héraðsbúa. Ef þessi eina atvinnugrein bregzt, er vá fyrir dyrum. Og þannig er það nú. Sauðfjársjúkdómar hafa enn herjað á fjárstofn bænda svo alvarlega, að leitt hefur öðru sinni til niðurskurðar alls sauðfjár í vesturhluta Dalasýslu. Hefur slíkt að sjálfsögðu mjög lamandi áhrif á viðhorf íbúanna til áframhaldandi búskapar og er sízt örvandi fyrir ungt fólk til að byrja búskap. Þessum vandamálum verður að mæta með öflugu viðnámi. Eitt af því, sem gera verður, er að leitast við að efla fjölbreytni atvinnulífsins.

Fyrir botni Hvammsfjarðar eru mikil leirlög í jörðu. Þar er að finna ótæmandi hráefnalind til leirvinnslu af ýmsu tagi. Úr þessum leir frá Búðardal hefur Guðmundur Einarsson frá Miðdal, hinn ötuli brautryðjandi í leirvinnslu hér á landi, unnið og látið vinna vandaðan listiðnað undanfarna áratugi. Hefur sú vinnsla farið fram í Reykjavík, en þangað hefur leirinn verið fluttur óunninn frá Búðardal. Þegar hins vegar að því kemur að hefja þungaiðnað úr leir, eins og þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, ber að sjálfsögðu að staðsetja þá verksmiðju þar, sem gnægð hráefnis er fyrir hendi.

Um þjóðhagslega þýðingu slíkrar verksmiðju sem hér um ræðir þarf ekki að fjölyrða. Hún mundi árlega spara landinu mikinn erlendan gjaldeyri. Hún mundi veita mörgum mönnum örugga atvinnu. Og hún mundi marka raunhæft spor í áttina að jafnvægi í byggð landsins.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég hér vera um svo mikilvægt málefni að ræða, að ríkisvaldinu beri skylda til að láta rannsaka það til hlítar, hvernig sem rekstrarfyrirkomulagi verksmiðjunnar yrði hagað, þegar þar að kemur.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til greinargerðar, sem samin er af Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

Greinargerð varðandi leirverksmiðju.

Árið 1927 byrjaði undirritaður á að athuga aðstæður fyrir leirbrennslu á Íslandi, sýndi þá nokkra muni unna úr íslenzku hráefni í lestrarsal Alþingis, sótti jafnframt um styrk til rannsókna, er kostað höfðu mikið fé. Framhaldsrannsóknir allar og undirbúningur tók þrjú ár. 1930 var fyrsta sýning á margs konar leirmunum haldin í Reykjavík.

Síðar vann ég að rannsókn jarðefna og athugun á að reisa hér á landi bæði leir- og postulínsverksmiðju. Ferðaðist um landið á vegum skipulagsnefndar atvinnumála ásamt Jóhannesi Nordal verkfræðingi frá Montreal. Í því ferðalagi einu söfnuðum við 185 sýnishornum, sem flest voru rannsökuð og reynd til brennslu. Gerðar

voru þá áætlanir um stofnun fullkominnar verksmiðju fyrir leiriðnað, sem nægt hefði landinu þá. Áætlanir þessar hlutu góðar undirtektir bæði nefndarinnar og stjórnar landsins, en framkvæmdir hófust ekki. Síðan hefur stöðugt verið unnið að rannsóknum þessum og reynt að koma af stað slíku fyrirtæki, m. a. með atbeina Nýbyggingarráðs og Framkvæmdabankans, en án árangurs, einnig hefur fjórum sinnum verið reynt að fá fjárfestingarleyfi fyrir verkstæðisbyggingu, árangurslaust.

Að mínu áliti hefur landið beðið verulegt tjón vegna þess, að þessum málum hefur ekki verið sinnt sem ástæða væri til. Að vísu hafa fjögur smærri verkstæði unnið hér ýmsa leirmuni, bæði til gagns og skrauts, enn fremur varning fyrir ferðamenn. Slíkt er þó aðeins lítið brot þess, sem vinna mætti úr íslenzkum jarðefnum.

Við höfum látið gera tilraunir með að vinna íslenzka leirinn í stórvirkum vélum, bæði í Þýzkalandi, Ameríku og Svíþjóð. Árangurinn gefur góðar vonir um nýjan iðnað á þessu sviði. Einnig hefur rannsóknarstofa ríkisins efnagreint og gert tilraunir með fjölda leirtegunda með góðum árangri, og rafmagnseftirlitið hefur athugað þol- og einangrunargildi ýmissa leir- og postulínstegunda. Álit sérfræðingastofnunarinnar er á þann veg, að sýnishorn þau, er reynd voru, séu sambærileg beztu erlendu einangrunarefnum fyrir rafmagnstæki.

Tel ég mest aðkallandi, að komið verði á fót fullkominni verksmiðju fyrir byggingarvörur og annan þungaiðnað, svo sem flísar, þakhellur, rör, stein til skreytingar og einangrunar. Enn fremur gæti slík verksmiðja unnið blómsturpotta, leir til heimilisþarfa og ýmsar vörur fyrir rafmagnsiðnað.

Staðsetning slíkrar verksmiðju er vandaverk, því að margt kemur þar til greina. Fyrsta skilyrði er, að næg hráefni séu fyrir hendi, annað, að hægt sé að framkvæma alla meiri háttar flutninga sjóleiðis, þriðja rafmagnsver, sem hafi nægjanlega orku fyrir ofna og vélar.

Að öllu athuguðu tel ég Búðardal og Akureyri heppilegasta staði sökum óþrjótandi gnægðar hráefna og góðra vinnsluskilyrða. Í 25 ár hef ég mestmegnis notað leir frá Búðardal og unnið hann bæði í vélum og svo til vandaðasta listiðnaðar. Eru nú gripir úr því efni víða á erlendum söfnum og í einkaeign, og fyrir vorn eigin markað hefur verið unnið meir úr þeim leir en öllum öðrum tegundum samanlagt.

Þriðjungur þeirra ofna og véla, er með þarf fyrir slíka verksmiðju, er fyrir hendi í landinu, og nægjanlega margir fagmenn. Þó mundi vera heppilegast að fá leirvinnslufræðing með þeim vélum, sem keyptar yrðu, til að annast reksturinn fyrst um sinn og einnig til að sjá um, að öllu sé haganlega fyrir komið.

Guðm. Einarsson
frá Miðdal.